

Skýrsla rannsóknarhóps eldfjallafræði og náttúruvár, Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands, 4. Mars 2015

Leiðangursmenn, Ármann Höskuldsson, Kristinn Magnússon, Evgenia Ilyinskaya, Joan Marti Molist og António Brum da Silveira.

Veður á gosstöðvum hefur verið frekar illt til útvinnu. Þó fékkst hálfur dagur í dag áður en aftur tók að hvesa. Í dag var gengið að gígsvæðinu, gígurinn Baugur skoðaður og framkvæmdar hita og gas mælingar.

Gígurinn ber öll merki þess að ekkert kvikustreymi er upp til yfirborðs lengur. Merki síðustu hrauntjarnar eru greinileg og hefur runnið undan henni svo að skorpan liggur mikið brotin þvers og kruss í gígbotni. Gasstreymi er víða að sjá í jöðrum gígsins. Aðallega er þar um að ræða kvikugös, en á nokkrum stöðum hafa þau blandast vatnsgufu. Kvikugösin eru bláleit á meðan vatnsblandan er hvít.

Hitamælingar sýna að hiti í sprungum í botni gígsins fer upp í 550 til 600 °C. Það gefur ástæðu til að ætla að fljótandi kviku sé að finna á um 3 til 5 metra dýpi undir gígyfirborði. Yfirborð á gasbreiðum sem einkennast af kvikugasa virkni er um 250 til 300 °C heitt á meðan yfirborð sem gufuaugu rísa af er um 100 til 130 °C.

Hraunið var í morgun í logninu sem blátt yfir að líta vegna SO₂ gasa er enn eru að losna úr hraunbreiðunni.

Þegar tók að hvesa aftur bar minna á gasmengun á svæðinu.


Nokkrar myndir af gígsvæðinu:



Mynd 1. Myndin er tekin fyrir miðju Baugs. Séð er norður eftir gígnum. Hrauntjörnir hefur fallið saman og myndar svartan grófan botn í gígnum. Aðeins ber á blámóðu augum í botni gígsins. Hægri gígbarmur opnast út í hraunið, rásin er um 50 m breið og 40 metra djúp.



Mynd 2. Séð suður úr gíg frá norðri. Mesta gasuppstreymi er að finna í jöðrum gígs og um gígbarmana sjálfa.



Mynd 3. Evgenía við gasmælingar í Baugi. Hiti á gassvæði var um 230°C, mestur varmi mælist þó í sprungunum hér um 560°C.